

2. Borgun þá, er vottunum ber fyrir ómak sitt, ber skiptaráðanda að leggja þeim út úr viðkomandi búi samkvæmt 68. gr. aukatekjureglugjörðar 10. sept. 1830. **25**  
31. jan.

3. Bók sú, er hreppstjóri á að rita í virðingargjörðirnar, skal útveguð á sama hátt og aðrar embættisbækur hreppstjóra samkvæmt því, er þarum mun verða fyrirskipað í reglugjörð fyrir hreppstjóra.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um byggingarstæði á Mjóeyri við Eskifjörð.* — Með brjefi frá 18. f. m. meðtók jeg þóknanlegt álit yðar, herra amtmaður, um brjef sýslumannsins í Suður-Múlasýslu, þar sem hann meðal annars skýrir frá, að hann hafi veitt norskum manni borgarabryf á Eskifirði, með því skilyrði að hann byggi þar, og í annan stað spyr, hvort hann megi leigja þessum manni hina svo kölluðu Mjóeyri, er keypt var samkvæmt konungsúrskurði 6. marz 1807, til þess að leggjast undir Eskifjarðarkaupstað, en síðan ekki hefir verið notuð. **26**  
31. jan.

Út af þessu vil jeg tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlut- aðeigöndum, að jeg finn ekkert því til fyrirstöðu, að hinum nefnda manni verði útvisað byggingarstæði á Mjóeyri.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um afgreiðslugjald af skipum.* — Með brjefi frá 19. f. m. meðtók jeg þóknanlegt álit yðar, herra amtmaður, um eptirnefndar tvær fyrirspurnir sýslumannsins í Húnavatnssýslu áhrærandi gjöld þau fyrir áteiknun skipaskjala, er getur um í aukatekjureglugjörð 10. sept. 1830 62. gr.: **27**  
31. jan.

1, Hvort strandsiglingaskipinu Díönu beri að greiða gjald þetta í hvert skipti og það kemur við á Skagaströnd.

2, Hvort kaupskip, er eptir komu sína frá útlöndum hefir greitt hið umrædda gjald, en síðan hefir verið notað til vöruflutninga hafna og sýslna á milli án þess að fara til útlanda, eigi af nýju að greiða tjeð gjald, þegar það kemur aptur til hinnar sömu sýslu úr flutningsferðum sínum.

Fyrir því vil jeg tjá yður það, er nú segir til þóknanlegrar leiðbeingar og birtingar.

Eins og þjer, herra amtmaður, hafið tekið fram, inniheldur 8. gr. laga 15. apríl 1854 hina gildandi ákvörðun um afgreiðslugjald af kaupskipum, og er þar fyrirskipað, að þegar skip hefir hafnað sig á Íslandi, skulu skipsskjölin sýnd lögreglustjóranum, skal hann rita á þau, og skal þar fyrir greiða 16 sk. af lest hverri af farmrúmi skipsins, ef skipið algjörlega affermir og fermir í umdæmi sama lögreglustjóra, en affermi og fermi skipið á höfnum í ýmsum lögsagnarumdæmum, þá á að eins að greiða helming gjaldsins á hverjum þeim stað, þar sem skipið affermir eða fermir. Eins og nefnd lög í heild sinni að eins snerta verzlun og siglingar milli Íslands og útlanda, þannig virðast einnig ofantjeð orð 8. greinar: «þegar skipið hefir hafnað sig á Íslandi» að benda á, að hjer sje einungis að ræða um skip, er koma frá útlöndum og sem afferma vörur, er þau hafa flutt þaðan, eða ferma sig vörum, er þau ætla að flytja þangað, og að afgreiðslugjald það, sem spurning er um, eigi því að eins að greiða einu sinni í hverju umdæmi, er skip affermir eða fermir sig vörum til að flytja milli Íslands og útlanda, jafnvel þó að skipið á þessari

**27** ferð sinni kynni að koma optar en einu sinni á sömu höfn eða fleiri hafnir í sama lög-  
31. jan. sagnarumdæmi.

Samkvæmt því, sem þannig er tekið fram, ber að svara báðum hinum nefndu spurningum neitandi.

**28** — *Brjef landshöfðingja til biskups um styrk handa uppgjafaprestum og*  
31. jan. *prestaekkjum.* — Með þessu brjefi samþykkti landshöfðingi tillögur biskups um útlutun á þeim 2500 kr., sem með fjárlögunum 1880 og 1881 12. gr. A b. eru veittar til prestaekknna og barna og fátækra uppgjafapresta.

Samkvæmt tillögum biskups voru uppgjafaprestar og prestaekkjur og eptirlaun þau og annar almannaþjófstyrkur, er þau þegar höfðu fengið, eins og nú skal greina:

A. Uppgjafaprestar:

1. Pjetur Jónsson frá Valþjófsstað (annar styrkur 500 kr.) . . . . .	tillaga	»	kr.
2. Jón Hávárðsson frá Heydölum (annar styrkur 443 kr.) . . . . .	—	»	—
3. Hákon Espólín frá Kolfreyjustað (annar styrkur 446 kr.) . . . . .	—	»	—
4. Einar Hjörleifsson frá Vallanesi (annar styrkur 480 kr.) . . . . .	—	»	—
5. Bjarni Sveinsson frá Stafafelli (annar styrkur 400 kr.) . . . . .	—	»	—
6. Stefán Thordersen frá Kálfholti (annar styrkur 380 kr.) . . . . .	—	»	—
7. Páll Matthiesen frá Arnarbæli (annar styrkur 480 kr.) . . . . .	—	»	—
8. Þorleifur Jónsson frá Hyammi (annar styrkur 723 kr.) . . . . .	—	50	—
9. Friðrik Eggerz frá Skarðspingum (annar styrkur 280 kr.) . . . . .	—	»	—
10. Guðmundur Gísli Sigurðsson frá Gufudal (annar styrkur 250 kr.) . . . . .	—	»	—
11. Þórður Thorgrímson frá Brjámslæk (annar styrkur 304 kr. 93 a.) . . . . .	—	40	—
12. Benedikt Þórðarson frá Selárdal (annar styrkur 350 kr.) . . . . .	—	»	—
13. Magnús Gíslason frá Sauðlauksdal (annar styrkur 360 kr.) . . . . .	—	50	—
14. Ólafur Ólafsson frá Fagranesi (annar styrkur 160 kr.) . . . . .	—	»	—
15. Magnús Jónsson frá Grenjadarstað (annar styrkur 696 kr.) . . . . .	—	»	—

B. Prestaekkjur:

1. Kristín Gunnarsdóttir frá Desjarmýri (annar styrkur 100 kr.) . . . . .	—	80	—
2. Sigríður Jónsdóttir frá Helgastöðum (annar styrkur 96 kr.) . . . . .	—	76	—
3. Guðríður Jónsdóttir frá Ási í Fellum (annar styrkur 71 kr.) . . . . .	—	»	—
4. Guðlaug Guttormsdóttir frá Skeggjastöðum (annar styrkur 110 kr.) . . . . .	—	30	—
5. Guðríður Pjetursdóttir frá Þingmúla (annar styrkur » kr.) . . . . .	—	»	—
6. Helga Guðmundsdóttir frá Heydölum (annar styrkur 176 kr.) . . . . .	—	40	—
7. Þorbjörg Jónsdóttir frá Kolfreyjustað (annar styrkur 247 kr.) . . . . .	—	60	—
8. Björg Magnúsdóttir frá Dvergasteini (annar styrkur 140 kr.) . . . . .	—	30	—
9. Oddný Fr. Pálsdóttir Kálfafellsstað (annar styrkur 80 kr.) <sup>8</sup> . . . . .	—	60	—
10. Jóhanna Andrea Lúðvíksdóttir frá Sandfelli (annar styrkur 40 kr.) . . . . .	—	40	—
11. Guðríður Jónsdóttir frá Kirkjubæjarklaustri (annar styrkur » kr.) . . . . .	—	»	—
12. Guðrún Pjetursdóttir frá Arnarbæli (annar styrkur 218 kr.) . . . . .	—	30	—
13. Guðrún Ingvarsdóttir frá Eyvindarhólum (annar styrkur 66 kr.) . . . . .	—	50	—
14. Guðrún Þorvaldsdóttir frá Reynivöllum (annar styrkur 70 kr.) . . . . .	—	40	—
15. Solveig Einarsdóttir frá Holti (annar styrkur 230 kr.) . . . . .	—	30	—